

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 45/2000
frá 19. maí 2000

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til undirbúningsaðgerða fyrir Evrópuár tungumála 2001.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist á árinu 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 24.

1. gr.

Ákvæðum 4. gr. bókunar 31 við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein komi aftan við málsgrein 2c:

„2d. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 2000, taka þátt í áætlunum bandalagsins sem tengjast eftirfarandi fjárlagalið á fjárlögum Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið 2000:

- **B3-1003**: „Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins — Evrópuár tungumála 2001“.“

2. Eftirfarandi komi í stað textans í 3. mgr.:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í málsgreinum 1, 2, 2a, 2b, 2c og 2d, samkvæmt a-lið 1. mgr. 82. gr.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner